



Reykjavík, 11. febrúar 2026

MIR26010018

ERINDISBRÉF Nafn stýri/starfshóps

Ábyrgðarmaður: Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála

Inngangur:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þ. 23. janúar sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur skipaður fulltrúum frá Bandalagi íslenskra listamanna (BÍL), Borgarsögusafni Reykjavíkur, Listasafni Reykjavíkur, Borgarbókasafni Reykjavíkur, viðburðarteymi Reykjavíkurborgar og menningarborg sem hafi það hlutverk að framkvæma úttekt á rýmum og sýnileika fatlaðs listafólks, sem og jaðarsettra og viðkvæmra hópa, í dagskrá menningarstofnana og menningarviðburða Reykjavíkurborgar. Ábyrgðaraðili er skrifstofustjóri menningarborgar. Aðgerðinni skal lokið fyrir árslok 2026.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar, *List og menning í Reykjavík 2030* (samþykkt 16. nóvember 2021), leggur ríka áherslu á ævilanga inngildingu og aðgengi borgarbúa að menningu og listum. Í framtíðarsýn stefnunnar kemur fram að árið 2030 eigi allir íbúar jafna möguleika á að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur og neytendur, og að menningarlíf borgarinnar endurspegli hið fjölbreytta mannlíf hennar. Aðgengi er skilgreint í víðu samhengi og tekur ekki einungis til mannvirkja og samgangna heldur einnig til upplýsinga og samskipta. Inngilding felur í sér að tryggja raunverulegan aðgang þeirra sem annars gætu orðið útilokaðir eða jaðarsettir.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að stuðla að því að menningarlíf Reykjavíkur endurspegli fjölbreytileika samfélagsins og að allir hafi raunverulegt rými og sýnileika. Starf hópsins skal vera í skýrum takti við áherslur borgarinnar um inngildingu, jafnræði og aukið aðgengi í menningarstarfi.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Taka sama fyrri greiningar og fyrirbyggjandi gögn.
- Rýna núverandi ástand
- Kortleggja þátttöku og sýnileika fatlaðs listafólks og jaðarsettra hópa í dagskrá menningarstofnana og viðburða.
- Greina dreifingu, umfang og hlutverk (listamenn, sýningarstjórar, þátttakendur o.s.frv.).



Reykjavík

- 
- Skilgreining hugtök, skýra hvað felst í „rými“ (aðgangur að sviðum, sýningarrýmum og tækifærum) og skilgreina „sýnileika“ (staða í dagskrá, athygli og framsetning).
 - Kortleggja og meta aðgengi að upplýsingum og þátttöku
 - Meta hvort kerfislægar hindranir séu í umsóknarferlum, styrkveitingum eða dagskrárvali.
 - Setja fram mælikvarða og gátlista fyrir inngildandi dagskrárgerð.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Helga Maureen Gylfadóttir, formaður, deildarstjóri miðlunar, safnfræðslu og viðburða – Borgarsögusafn

Sunna Ástþórsdóttir, deildarstjóri sýninga og miðlunar – Listasafn Reykjavíkur

Aðalheiður Sveinsdóttir – viðburðateymi Reykjavíkur

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn mun kalla til sín, eftir þörfum, fulltrúa annarra sviða og stofnana.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok ágúst 2026.



Arnfríður S. Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík